

**14. fundur öldungaráðs**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn**  
**20. mars 2024 og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Auður Helga Ólafsdóttir formaður, Júlíus Hafsteinn Vilhjálmsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Karitas Maggy Pálsdóttir, Guðný Sigríður Þórðardóttir fulltrúi Félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ, Sigrún Camilla Halldórsdóttir fulltrúi Félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ og Heiða Björk Ólafsdóttir fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

**Embættismenn:**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

**Fundargerð ritaði:** Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Svanlaug Björg Másdóttir, öldrunarfulltrúi Ísafjarðarbæjar, sat fundinn.

**Dagskrá:**

**1. Öldungaráð - ýmis mál 2024 - 2024020121**

Umræða um skipulag funda öldungaráðs.

*Umræða um dagskrá þar sem gert er ráð fyrir fundi með velferðarnefnd í apríl, fundi öldungaráðs í maí, fundi með bæjarstjórn í september og fundi í október eða nóvember 2024.*

**2. Gott að eldast - Samþætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar á Vestfjörðum - 2023070045**

Kynning á verkefninu Gott að eldast - samþætt þjónusta í þágu aldraðra.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Endurnýjun samnings við sjúkratryggingar Íslands vegna dagdeildar. - 2024020069**

Lögð fram til kynningar endurnýjun á samningi við Sjúkratryggingar Íslands vegna dagdeildar.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Act alone - Sýning um Alzheimer, eða hvergi sjúkdóminn. - 2024020134**

Að ósk velferðarnefndar er kynnt samstarf við Act Alone þar sem óskað er eftir fagaðilum og fulltrúa frá velferðarnefnd til að vera viðstaddir umræður sem gætu skapast eftir sýninguna „Ég get“ sem fjallar um alzheimer sjúkdóminn og sýnd verður á hátíðinni laugardagskvöldið 10. ágúst 2024. Fulltrúar frá velferðarnefnd og velferðarsviði munu mæta á sýninguna og taka þátt í umræðum að sýningu lokinni.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Framkvæmdasjóður aldraðra - umsóknir í sjóðinn 2024 - 2024020138**

Lagt fram til kynningar minnisblað er varðar fjórar umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Umsókn í lýðheilsusjóð vegna heilsueflingar eldri borgara. - 2024030060**

Lagt fram til kynningar minnisblað vegna tveggja umsókna í Lýðheilsusjóð vegna heilsueflingar eldri borgara.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Lagt fram minnisblað vegna umsóknar um styrk til Orkubús Vestfjarða. - 2023110014**

Lagt fram til kynningar.

**8. Félag starf aldraðra - umsókn til Orkubús Vestfjarða - 2024030061**

Lagt fram til kynningar minnisblað vegna umsóknar um styrk til Orkubús Vestfjarða.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Öldungaráð - ýmis mál 2024 - 2024020121**

Kynning á félagsstarfi eldri borgara í Ísafjarðarbæ og nágrenni árið 2023. Sigrún C. Halldórsdóttir lagði fram upplýsingar um vetrarstarf Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrennis veturinn 2023-2024. Guðný Sigríður Þórðardóttir kynnti starfsemi Kubba - íþróttafélags eldri borgara á Ísafirði. Jafnframt ræddi Svanlaug Björg Másdóttir, öldrunarfulltrúi, um félagsstarf aldraðra á vegum Ísafjarðarbæjar.

*Málin kynnt.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

---

Auður Helga Ólafsdóttir

---

Karitas Maggy Pálsdóttir

---

Guðný Sigríður Þórðardóttir

---

Sigrún Camilla Halldórsdóttir

---

Heiða Björk Ólafsdóttir

---

Margrét Geirsdóttir